

Föstudaginn 15. febrúar 1991.

Nr. 69/1991. **K**

gegn

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Kærumál. Lögræðislög. Sjálfræðissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. lögræðis-laga nr. 68/1984 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. janúar 1991, sem barst Hæstarétti 12. febrúar 1991. Krefst hún þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Jafnframt krefst hún kostnaðar af rekstri málsins fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 68/1984 greiðist kærumáls-kostnaður úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðila, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðila, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 18. janúar 1991.

Ár 1991, föstudaginn 18. janúar, er lagður svohljóðandi úrskurður á lög-ræðismálið nr. 19/1990: Félagsmálastofnun Reykjavíkur gegn K, á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 12. desember 1990, var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 4. september 1990.

Með bréfi, dags. 3. september 1990, fór Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar þess á leit samkvæmt heimild í e-lið 5. gr. laga 68/1984, að K, síðast

skráð til heimilis að í Reykjavík, nú sjúklingur á geðdeild Landspítalans, yrði svipt sjálfræði. Sóknaraðili kveður ástæður beiðni þessarar vera þær, að varnaraðili sé öryrki vegna geðrænna erfiðleika; hún hafi margsinnis verið vistuð á geðsjúkrahúsum sl. 10 ár; áður hafi hún verið svipt sjálfræði árum saman og þau ár verið henni mun auðveldari, þar sem hún hafi þá búið við öruggar aðstæður og fengið nauðsynleg lyf, en hún fáist ekki til að horfast í augu við sjúkdóm sinn og hlíta nauðsynlegri meðferð.

Lögð hafa verið fram vottorð geðlæknanna Grétars Sigurbergssonar og Ingvars Kristjánssonar, og fram hefur komið vætti Halldóru Ólafsdóttur, sem hefur annast varnaraðila á Landspítalanum. Samkvæmt þessum gögnum er varnaraðili haldin mjög svæsum, ólæknandi geðklofasjúkdómi, schizofrenia typus paranoia. Við skoðun 26. júlí sl. hafði hún mikil og greinileg sturlunareinkenni. Hún er haldin spennu og miklum ranghugmyndum, þar á meðal mikilmennskuhugmyndum. Hún hefur miklar og alvarlegar hegðunartruflanir og hefur ógnað vandamönnum sínum. Hana skortir raunveruleikatengsl og hefur oftár en einu sinni lent í vandræðum á ferðalögum erlendis. Hún hefur gengist undir aðgerð vegna skjaldkirtilsjúkdóms og þarf að taka lyf við vanstarfsemi skjaldkirtils. Hún hefur náð þokkalegum bata, þegar hún hefur fengið geðlyf reglulega. Hún getur ekki án geðlyfja verið, og það er lífshættulegt, ef hún tekur ekki lyf við skjaldkirtilssjúkdómnum, en hana skortir innsæi í geðsjúkdóm sinn og hefur ekki þýðst lækningameðferð.

Síðastliðið sumar hélt varnaraðili til í kartöfluskúr í landi Vatnsenda í Kópavogi, sem lögreglan telur óhæfan til búsetu. Þann 24. júlí sl. flutti lögreglan K á geðdeild Landspítalans í samráði við Félagsmálastofnun Kópavogs, og þann 22. ágúst 1990 samþykkti dóms- og kirkjumálaráðuneytið vistun hennar þar.

Sjálf telur K sig ekki geðveika. Hún leggur stund á ýmiss konar listir og skýrir hegðun sína með því, að hún sé listamaður. Hún kveðst vera að útvega sér húsnæði, sem hún muni flytjast í, þegar úrskurður er fallinn, og mótmælir dómkröfunni.

Skipaður talsmaður stefnanda krefst sýknu og heldur því fram, að vanda-mál skjólstæðings síns tengist húsnæðisskort. Hann bendir á, að varnaraðili hafi síðast verið sviptur sjálfræði árið 1985, en þegar úr rættist um húsnæði, hafi ástand hennar lagast svo, að hægt hafi verið að veita henni sjálfræði að nýju á síðastliðnu ári.

Þær upplýsingar, sem fram koma í gögnum málsins, benda eindregið til þess, að varnaraðili sé ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum vegna alvarlegs geðsjúkdóms. Til að komið verði í veg fyrir eða dregið úr bráðum veikindum og til að unnt verði að veita varnaraðila nægilega góða

og samfellda læknismeðferð, virðist bera að neyta heimildar a-liðar 3. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 til að svipta hana sjálfræði.

Þá ber að úrskurða talsmanni varnaraðila þóknun úr ríkissjóði, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 25.000.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, K, skal sviptur sjálfræði frá birtingu úrskurðar þessa.

Málkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns varnaraðila, Arnar Clausen hrl., kr. 25.000, greiðist úr ríkissjóði.
